

Ég undirritaður/undirrituð veiti Lykli fjármögnun hf., kt. 621101-2420, (hér eftir „Lykill“) umboð til þess að afla upplýsinga um fjárhagsmálefni mín og eignastöðu í þeim tilgangi að leggja mat á láns hæfi mitt og/eða greiðslugetu í samræmi við lög um neytendalán.

Umboð þetta veitir Lykli heimild til að kalla eftir upplýsingum um tekjur mínar og gjöld, eignir og skuldir, frá öllum þeim aðilum sem geta veitt slíkar upplýsingar. Um er að ræða m.a. en ekki takmarkað við Ríkisskattstjóra, Íbúðalánasjóð, lífeyrissjóði, tryggingafélag, fjármálafyrirtæki og/eða önnur lána fyrirtæki. Er Lykli heimilt að afla upplýsinga hvort sem er beint frá viðkomandi kröfuhafa eða í gegnum skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf. en skuldastöðukerfi Creditinfo skilar yfirliti frá þeim kröfuhöfum sem eru þátttakendur í því sem m.a. inniheldur upplýsingar um fjárskuldbindingar, s.s. fjárhæð og tegund skuldbindinga, lánveitanda og hvort fjárskuldbindingar séu í skilum/vanskilum. Umboð þetta veitir jafnframt Creditinfo Lánstrausti hf., heimild til öflunar upplýsinga frá skattfyrirvöldum þ.e. til öflunar upplýsinga um launatekjur úr staðgreiðsluskrá allt að tólf mánuði aftur í tíma frá því óskað er eftir þeim samkvæmt umboði þessu, síðasta skattframtali auk heimildar til þess að afla upplýsinga um álagningu vaxta- og barnabóta ef við á.

Umboð þetta veitir Lykli einnig heimild til að sækja upplýsingar í vanskilaskrá og um láns hæfismat mitt til Creditinfo Lánstrausts hf. Láns hæfismatið spáir fyrir um líkur á alvarlegum vanskilum í framtíðinni og byggir á upplýsingum sem Creditinfo safnar og/eða miðlar, s.s. upplýsingum í vanskilaskrá (þ.m.t. uppflettingum), hlutafélagaskrá, skattskrá o.fl. Láns hæfismatið byggir á samkeyrslu gagna og getur innihaldið sögulegar upplýsingar, s.s. um stöðu vanskila og láns hæfismats.

Jafnframt veitir umboðið Lykli heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, þ.e. fasteigna- og ökutækjaeign í gagnagrunn Þjóðskrár Íslands og Samgöngustofu eða til þess aðila sem á hverjum tíma telst ábyrgðaraðili umræddra gagnagrunna skv. lögum um persónuvernd.

Ég samþykki og heimila að framangreindar upplýsingar verði sóttar og nýttar í tengslum við ákvarðanatöku um fjármögnun, sem og við eftirlit í tengslum við slík viðskipti, s.s. viðvarandi skoðun á láns hæfi á samningstíma í áhættustýringarskyni lögum samkvæmt. Þá samþykki ég að Lykli sé heimilt að upplýsa viðkomandi lánamiðlara um niðurstöðu láns hæfis- og/eða greiðslumats.

Ég hef kynnt mér hvað felst í samþykki þessu vegna öflunar upplýsinga og gerð láns hæfis- og/eða greiðslumats og geri mér grein fyrir því að afleiðingar þess að veita ekki samþykki kann að leiða til þess að ekki sé hægt að verða við beiðni minni um fjármögnun. Komi til greiðslumats staðfesti ég að afhent gögn til Lykils vegna matsins séu rétt og gefi rétta mynd af fjárhagsstöðu minni/okkar. Ég er upplýstur/upplýst um rétt minn, þó ekki takmarkalaus, til aðgangs að þeim persónuupplýsingum er mig varða, til leiðréttingar og eyðingar á þeim gögnum sem og rétt minn til að óska eftir að vinnsla verði takmörkuð eða gögn flutt til annars ábyrgðaraðila að minni beiðni eins og nánar er kveðið á um í lögum um persónuvernd. Þá er ég upplýstur/upplýst um rétt minn til að senda kvörtun til Persónuverndar ef ég tel á mínum réttindum brotið undir ákvæðum gildandi laga um persónuvernd. Einnig felst í undirritun samþykki á þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað, tilgangi hennar og framkvæmd.

Lykill staðfestir að gögn verði ekki varðveitt lengur en nauðsyn krefur og/eða lög kveða á um. Heimilt er að afturkalla samþykki þetta með því að fara inn á þjónustuvef Lykils, www.lykill.is. Hafi samþykki ekki verið afturkallað hefur Lykill heimild til að sækja og nota þær upplýsingar sem samþykki þetta tekur til að fullnægðum þeim skilyrðum sem fram koma í samþykkisyfirlýsingu þessari.

Staður, dagsetning

Nafn/Nöfn (Prentstafir)

Kennitala/Kennitölur

Undirritun

Undirritun

Vottar að rétttri undirritun og dagsetningu:

(Nafn og kennitala)

(Nafn og kennitala)